



Galatabréfið

Útskýringar sem byggðar eru á Torah og hebresku samhengi fyrstu aldarinnar.

Eftir Avi ben Mordechai © 2005-2006 Millennium 7000 Communications. Allur réttur áskilinn.
Íslensk þýðing: Sigrún Einarsdóttir - www.torah.is
Birt með leyfi höfundar - www.m7000.com

4. þáttur af 18

Annar hluti: Uppbygging gyðinglega lögmálsins

Skjámynd:

Galatabréfið 1.14 Ég fór lengra í Gyðingdóminum en margir jafnaldrar mínir meðal þjóðar minnar og var miklu vandlætingasamari um erfikenningu forfeðra minna.

Postulasagan 22.3 (Páll talar) Ég er Gyðingur, fæddur í Tarsus í Kilikíu, en alinn upp í þessari borg. Við fætur Gamafels hlaut ég fyllstu uppfræðslu í lögmáli feðra vorra. Stríðsmaður Elóhíms vildi ég vera ekki síður en þér allir í dag.

Skjámynd:

Rómverjabréfið 3.20 Með því að enginn lifandi maður réttlætist fyrir honum af lögmálsverkum...

Jakobsbréfið 2.24 Þér sjáið, að maðurinn réttlætist af verkum og ekki af trú einni saman.

Galatabréfið 2.16 ...maðurinn réttlætist ekki af lögmálsverkum, heldur fyrir trú á Jesú Krist...

Rómverjabréfið 2.13 ...ekki eru heyrendur lögmálsins réttlátir fyrir Guði, heldur munu gjörendur lögmálsins réttlættir verða.

Postulasagan 13.39 Sérhver, er trúir, réttlætist í honum af öllu því, er lögmál Móse gat ekki réttlætt yður af.

Skjámynd:

Rabbínar okkar kenndu: Heiðingi nokkur kom eitt sinn fram fyrir Shammai og spurði hann: „Hvað hafið þið mörg Torot?“ „Tvö,“ svaraði hann: „hið ritaða Torah og hið munnlega Torah.“ (b. Talmud Shabbat 31a)

Torah
Sh'be'al peh
(Munnlegt Torah)



Torah
Sh'bktav
(Ritað Torah)

Páll ritar: „Innra með mér hef ég mætur á lögmáli Elóhíms, en ég sé annað lögmál í limum mínum, sem berst á móti lögmáli hugar míns og hertekur mig undir lögmál syndarinnar í limum mínum...“ (Róm. 7.22-24)

Skjámynd:

„Munnlega lögmálið“ felur í sér eftirfarandi flokka:

Skjamynd:

● **Halachot - rabbínsk túlkun faríseanna á hinu ritaða Torah. Það vinnur út reglur eða kennslu, (*drash*) úr Torah. Samhengi er talið málinu óviðkomandi.**

- Takanot - ný lögleiðing trúarlaga sem bætt er við hið ritaða Torah með valdi hins „munnlega Torah.“ Ritningin er ekki notuð til grundvallar þessara laga.
- Ma'asim - fordæmi rabbína, eða „verk“ sem leiða til stofnunnar nýrra laga sem eru bindandi fyrir allan Ísrael, hvort sem er í landinu eða í útleigð. (Sjá lög íslam um *Hadit*: Ef Múhameð gerði eitthvað, eiga múslimar að gera það líka, jafnvel þótt það sé ekki ritað í Kóraninum.)
- Minhagim – hefðir sem hafa orðið að lögum bara vegna þess að þær hafa tíðkast. Sjá „*Minhag Israel Torah He*” — “*Hefðir í Ísrael eru Torah lög.*“

Skjamynd:

Tvö dæmi um halachot:

Biblíulegt Halacha

3. Mós. 23.4: "Þessar eru löghátíðir YHWH, helgar yfirlýsingar, er þér (allir) skuluð boða, hverja á sínum (útvalda) tíma."

Rabbínskt Halacha

3. Mós. 23.4: "Þessar eru löghátíðir YHWH, helgar samkomur, er þér ~~(allir)~~ skuluð boða, ~~hverja á sínum (útvalda) tíma.~~" **...þér, rabbínar**

Akiva (2. aldar): Textinn segir „þér,“ „þér,“ „þér,“ þrisvar sinnum (3. Mós. 23.1-4), til að gefa til kynna að „þér,“ (rabbínar) [megið ákveða hátíðirnar] jafnvel þótt ykkur skjátlist óafvitandi, „þér“ (rabbínar) jafnvel þótt ykkur skjátlist vísvitandi, „þér“ (rabbínar) jafnvel þótt þið séuð afvegaleiddir. (Rosh HaShanah 25a)

Það segir þrisvar sinnum: „er þér (allir) skuluð boða“ (otam) en lesið það sem „þið sjálfir (atem) (rabbínar) skuluð boða.“ -Rashi, um Rosh HaShanah 25a.

Skjamynd:

Annað dæmi:

Biblíulegt Halacha

5. Mós. 30.11-12 Þetta boðorð, sem ég legg fyrir þig í dag, er þér eigi um megn, og það er eigi fjarlæggt þér. Ekki er það uppi í himninum, svo að þú þurfir að segja: Hver ætli fari fyrir oss upp í himininn og sæki það handa oss og kunngjöri oss það, svo að vér megum breyta eftir því? ...

Rabbínskt Halacha

~~5. Mós. 30.11-12 Þetta boðorð, sem ég legg fyrir þig í dag, er þér eigi um megn, og það er eigi fjarlæggt þér. Ekki er það uppi í himninum, svo að þú þurfir að segja: Hver ætli fari fyrir oss upp í himininn og sæki það handa oss og kunngjöri oss það, svo að vér megum breyta eftir því? ...~~

[Inngangur Rambams að Mishnah] ...Fræðimennirnir sögðu einnig... ef spámaður vitnar um að Hinn heilagi, blessaður sé hann, hafi sagt sér að lög ákveðins boðorðs séu svona og svona eða að röksemdarfærslur ákveðins fræðimanns séu réttar, á að taka þann spámann af lífi ... eins og ritað er; "ekki er það uppi í himninum." (5. Mós. 30.12). Því leyfði Guð okkur ekki að læra af spámönnunum, aðeins rabbínum sem eru menn röksemda og ályktana.

Skjámynd:

- Halachot - rabbínsk túlkun faríseanna á hinu ritaða Torah. Það vinnur út reglur eða kennslu, (*drash*) úr Torah. Samhengi er talið málinu óviðkomandi.
- Takanot - ný lögleiðing trúarlaga sem bætt er við hið ritaða Torah með valdi hins „munnlega Torah.“ Ritningin er ekki notuð til grundvallar þessara laga.
- Ma'asim - fordæmi rabbína, eða „verk“ sem leiða til stofnunnar nýrra laga sem eru bindandi fyrir allan Ísrael, hvort sem er í landinu eða í útlegð. (Sjá lög íslam um *Hadit*: Ef Múhameð gerði eitthvað, eiga múslimar að gera það líka, jafnvel þótt það sé ekki ritað í Kóraninum.)
- Minhagim – hefðir sem hafa orðið að lögum bara vegna þess að þær hafa tíðkast. Sjá „*Minhag Israel Torah He*” — “*Hefðir í Ísrael eru Torah lög.*“

Skjámynd:

Dæmi um Takanot:

- Lög um daglegan helgisiðapvott handa. (7. kafli Markúsarguðspjalls)
- Lög gegn því að „bera“ á hvíldardegi. (Jóh. 5.8-10)
- Lög um föstu tvisvar í viku, á mánudögum og fimmtudögum. (8. kafli Lúk.)
- Lög um ákveðnar bænir sem á að biðja yfir ákveðnum mat. (Matt. 14.19)
- Lög gegn því að höndla ýmislegt á hvíldardegi og helgum dögum. (Matt. 12.11, Muktzeh)
- Lög sem banna Gyðingi að nota brauð, vín og/eða olíu heiðingja. (10. kafli Postulasögunnar)
- Lög um ákveðnar (samsettar) bænir, sem fela í sér að nota formúlu rabbína um „...vitzivanu“ „(...og hann hefur boðið okkur“) í gegnum andlegt vald rabbína.

Skjámynd:

Staða Yeshua varðandi Takanot og Ma'asim:

Takanot: Matteusarguðspjall á hebresku 15.2-3

Hvers vegna brjóta lærisveinar þínir erfikenning forfeðranna? ... Hvers vegna brjótið þér sjálfir boðorð Guðs sakir erfikenningar yðar?

Ma'asim: Matteusarguðspjall á hebresku 23.2-3

Á stóli Móse sitja fræðimenn og farísear. Því skuluð þér gjöra og halda allt, sem þeir (farísearnir eða „hann“ Móse?) ...sem þeir segja yður (eða hann segir), en eftir breytni þeirra (verkum og Takanot) skuluð þér ekki fara, því þeir breyta ekki sem þeir bjóða.

Framhald í næsta þætti...

Taktu frá þrjú kvöld í júní 2010 (14. 15. og 16. júní)



Avi ben Mordechai kemur til Íslands í júní 2010
og verður með nokkra spennandi fyrirlestra.

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar um þetta einstaka tækifæri til að hlusta á stórkostlega fræðslu um hebreskar rætur trúarinnar, hafðu þá samband við Sigrúnu í síma 824 8848 eða með því að senda tölvupóst á torah@internet.is